


Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2017

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu fjármála- og efnahagsráðherra til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 – 2022. Þingskjal 533 - 402. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Lagt fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017, þingskjal 533 — 402. mál.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

Rauði krossinn vill með neðangreindri umsögn draga athygli fjárlaganefndar að mikilvægi þróunarsamvinnu af hálfu Íslands og hversu lágt framlag Íslands til þróunarsamvinnu er samanborið við aðrar Norðurlandþjóðir, meðaltal OECD ríkja og miðað við efnahag landsins og sögu þjóðarinnar. Verður nánar gerð grein fyrir athugasemdum Rauða krossins og sjónarmiðum hér að neðan.

I. Athugasemdir um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hefur þörfin fyrir alþjóðlega mannúðar- og þróunaraðstoð aldrei verið meiri. Samkvæmt upplýsingum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna eru nú yfir 65 milljónir manna á flótta undan stríði, ofsóknum, náttúruhamförum og fátækt. Það eru fleiri en þeir sem neyddust til að leggja á flótta í seinni heimsstyrjöld. Þegar hafðar eru í huga yfirlýsingar sitjandi ríkisstjórnar um að efnahagsstaða landsins hafi sjaldan verið betri vill Rauði krossinn draga athygli fjárlaganefndar að lágu hlutfalli Íslands til þróunarsamvinnumála.

Inntak þróunarsamvinnuaðstoðar er í hnotskurn að gera fólki kleift að dvelja á eigin heimaslóðum enda er það í samræmi við vilja langflestra. Þegar neyð er mikil, t.d. vegna vopnaðra átaka, sárafatæktar eða hungurs veldur það flóttamannastraumi. Það heftir sömuleiðis eða kemur í veg fyrir uppbyggingu innviða samfélaga, möguleikar á menntun eru stórlega skertir og matvælaframleiðsla fer úr skorðum svo fátt eitt sé nefnt.

Með auknu framlagi ríkja til þróunarsamvinnu (þ.m.t. talið mannúðaraðstoð) má draga úr alvarlegum afleiðingum vopnaðra átaka og náttúruhamfara. Með þátttöku í þróunarsamvinnu í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna er verið að fjárfesta í uppbyggingu innviða, s.s. á sviði menntunar, réttarríkis auk þess að stuðla að útrýmingu fátæktar og vannæringar á grundvelli jafnréttis og sjálfbærni.

Ísland hefur lengi stutt markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríkin myndu verja sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnumála. Vorið 1985 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þess efnis að þessu markmiði yrði náð á næstu sjö árum. Síðan þá hefur Ísland margsinnis ítrekað stuðning sinn við markmið Sameinuðu þjóðanna. Framlög Íslands til þróunarsamvinnumála hafa hins vegar verið fremur lág eins og fram kemur hér að ofan. Hæst voru framlögin 0,37% árið 2008 og 0,35% árið 2009 en undanfarin ár hafa þau verið í kringum 0,25% af vergum þjóðartekjum.

Rauði krossinn á Íslandi telur að Ísland gæti vel sett sér metnaðarfullri markmið þegar kemur að aðstoð við fátæk og óstöðug ríki með aukinni þróunarsamvinnu og skipað sér í hóp þeirra ríkja sem leggja hlutfallslega mest til þróunarsamvinnu og samhliða hvatt önnur ríki til að gera slíkt hið sama.



Því ber að halda til haga að Íslendingar sjálfir nutu góðs af umfangsmikilli efnahagsaðstoð í kjölfar seinni heimsstyrjaldar (Marshall-aðstoðin) og í raun allt fram á 8. áratug síðustu aldar. Saga þjóðarinnar ber einnig vitnisburð um mikil harðindi og fátækt allt fram á fyrri hluta 20. aldar. Það er einnig vert að nefna í því samhengi að stór hluti þjóðarinnar fluttist búferlaflutningum til Vesturheims vegna erfiðra lífskilyrða og harðinda á Íslandi. Með utanaðkomandi aðstoð tókst hins vegar að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag sem nú stendur vel efnahagslega.

Þrátt fyrir sterka fjárhagslega stöðu landsins má ekki útiloka að Ísland gæti, á einhverjum tímapunkti, þurft á utanaðkomandi aðstoð að halda ef alvarlegir atburðir yrðu hér á landi, svo sem umfangsmiklar náttúruhamfarir eða aðrir atburðir sem myndu fullnýta þær bjargir sem þjóðin hefur yfir að ráða. Mannúðaraðstoð og þróunarsamvinna verður þannig að geta gengið í báðar áttir.

Þá vill Rauði krossinn vekja sérstaka athygli á því að nú telur íslenska ríkið aðstoð við hælisleitendur og flóttafólk hér innanlands fram sem hluta af opinberri þróunaraðstoð Íslands. Á síðasta ári má áætla að það hlutfall hafi numið um 12-15% af heildarframlagi Íslands. Þetta telur Rauði krossinn ekki í samræmi við markmið Íslands í þróunarsamvinnu sem er að stuðla að útrýmingu fátæktar og vannæringar á grundvelli jafnréttis og sjálfbærni, bæði vegna þess að fénu er veitt til aðstoðar á Íslandi en einnig vegna þess að aðstoðin fer að verulegu leyti til þegna ríkja sem hvorki glíma við vopnuð átök né teljast til þróunarríkja.

II. Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis til að ræða ofangreind sjónarmið betur sé þess óskað.

